

Innra mat Háteigsskóla

2025 – 2026



Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir innra mati Háteigsskóla 2025 – 2026.

Sett er fram langtímaáætlun til 5 ára og viðfangsefni matsins ár hvert ásamt áætlun fyrir skólaárið. Þá er greinargerð um innra mat fyrir skólaárið 2025 – 2026 og helstu niðurstöður settar fram. Fjallað er um þá þætti sem komu best út og teljast til styrkleika og þá þætti þar sem tækifæri eru til umbóta. Að lokum er sett fram umbótaáætlun sem unnið verður með á skólaárinu 2026 – 2027.

Um innra mat skólans

Innra mat Háteigsskóla hefur verið unnið í samráði við matsteymi skólans. Markmið innra mats skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er eftir útgefnum gæðaviðmiðum um skólastarf, menntastefnu Reykjavíkurborgar og leiðsagnarnámi.

Allt starfsfólk skólans tekur þátt í innra mati en matsteymi heldur utan um þá vinnu. Í matsteyminu situr skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri skólastarfs, stigsstjóri yngsta stigs og verkefnastjóri unglingastigs. Innra matsteymi skólans hefur einnig fundað reglulega yfir skólaárið með utanaðkomandi sérfræðing á innra mati.

Gæðaviðmið grunnskóla

Gæðaviðmið grunnskóla liggja til grundvallar matinu. Þau eru sett upp í langtímaáætlun til 5 ára og út frá henni er sett fram áætlun fyrir skólaárið. Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með matsteymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans.

Aðrir þættir innra mats

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, heilbrigði læsi og sköpun. Staða skólans út frá áherslupáttum er metin. Þá eru áherslupættir skólans til að mynda leiðsagnarnám metið í innra mati. Viðhorfskannanir nemenda og starfsfólks og námsmat eru einnig hluti af innra mati skólans.

LANGTÍMAÁÆTLUN						
Innra mat Háteigsskóla						
<u>Gæðaviðmið Menntamálaráðuneytis</u>	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030	2030 - 2031
Stjórnun og fagleg forysta						
Samvirkni í stefnumótun						x
Faglegt samstarf og samræða		x				
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu				x		
Umbætur og innleiðing breytinga			x			
"Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir"					x	
Starfsmannastjórnun og verkaskipting					x	
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks						x
Nám og kennsla						
Inntak og námskrá		x				
Árangur náms	x					
Gæði kennslu	x	x				
Skipulag náms				x		
Námsvitund					x	
Ábyrg og þátttaka			x			
<u>Menntastefna Reykjavíkur</u>	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030	2030 - 2031
Félagsfærni	x					
Sjálfsefning			x			
Heilbrigði					x	
Læsi		x				
Sköpun				x		

ÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2025 - 2026

Viðfangsefni	Markmið (ef við á)	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Gæði kennslustunda. Kafi 2.3. í gæðaviðmiðum	Kennarar skilgreina gæðakennslustund.	Innlit í kennslustundir	Nóvember-apríl	Stjórnendur	Í 80% kennslustunda er nemendum gerð grein fyrir markmiðum.
Líðan nemenda		Spurningakönnun lögð fyrir nemendur (ÍÆ, RogG og Skólapúls)	Nóv. og apríl.	Matsteymi	Vera fyrir ofan landsmeðaltal
Árangur náms Kafi 2.2. í gæðaviðmiðum	Sjá markmið um árangur nemenda	Lesfimiþróf, Orðarún,	Tvisvar-þrisvar á skólaárinu.	Umsjónarkennarar og stjórnendur	Vera fyrir ofan landsmeðaltal
Nám og kennsla	Samkvæmt gæðaviðmiðum grunnskóla.	Innlit í kennslustundir og samtal við kennara. Matsfundir	Febrúar og mars.	Skólastjórnendur	Gæðalýsing á umbótum og innleiðingum breytinga (í gæðaviðmiðmiðum um grunnskóla). Allir þættir í A eða B.

Matsáætlun 2025 - 2026

Á skólaárinu var unnið með kaflann nám og kennsla samkvæmt gæðaviðmiðum um skólastarf og þættina árangur náms og gæði kennslu samkvæmt langtímaáætlun skólans.

Árangur náms (kafli 2.2)

Viðmið um gæðastarf:

Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum. Nemendur gera ráð fyrir að ná árangri í námi. Allir nemendur sýna framfarir í námi. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar. Nemendur sýna þá náms- og lykilhæfni sem stefnt er að samkvæmt aðalnámskrá.

Framkvæmd:

Í innra matinu var rýnt í árangur nemenda í lesfimiprófum og öðrum þáttum Matsferils út frá þeim viðmiðum sem sett voru í matsáætlun. Allir árgangar tóku lesfimipróf og allir árgangar sem höfðu kost á að taka Matsferil tóku hann. Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Tuttugu matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Viðmiðið var að víkja ekki marktækt frá meðaltali sambærilegra skóla í Reykjavík.

Niðurstöður:

Allir árgangar eru yfir landsmeðaltali í Matsferli bæði í stærðfræði og lesskilning. Áhugi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði hefur aukist á árinu og skorar Háteigsskóli yfir landsmeðaltali á báðum sviðum. Eru hér um ánægjulegar niðurstöður að ræða þar sem skólinn gerði breytingu á bæði stærðfræði- og náttúrufræðikennslu á líðandi skólaári. Nemendur á unglingastigi hafa fengið kennslu í hugsandi skólastofu í stærðfræði (e.thinking classroom) ásamt verklegri náttúrufræðikennslu einu sinni í viku. Unglingastigskennarar sem sérhæfa sig í náttúrufræðikennslu hafa tekið við náttúrufræðikennslu í 6. og 7. bekk skólans.

Niðurstöður úr lesfimiprófum í maí sýna tækifæri til umbóta. Meðaltalstala nemenda var undir eða við landsmeðaltal. Agi í tímum mælist lægri en hjá samanburðarskólum. Nemendur upplifa aga í tímum lægri í Háteigsskóla en landsmeðaltal. Verður unnið með þennan þátt sérstaklega á næsta skólaári og komið að því betur í umbótaáætlun.

Gæði kennslu (kafli 2.3)

Viðmið um gæðastarf:

Störf kennara endurspeglar stefnu og markmið skólans um kennsluhætti. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar og

tími nemenda vel nýttur. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og margbreytilegum þörfum allra nemenda. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum sérhvers nemanda, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum um árangur. Í skipulagi kennara kemur fram hvernig námsaðlögun er háttað.

Framkvæmd:

Skólinn notar Skólapúlsinn til að spyrja nemendur 6.-10. bekkjar um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skólastarf og bekkjaranda. Tuttugu matsþættir eru metnir með nokkrum undirspurningum hver. Viðmiðið var að víkja ekki marktækt frá meðaltali sambærilegra skóla í Reykjavík. Horft var sérstaklega til fagumhverfiskönnun sem Reykjavíkurborg framkvæmdi meðal starfsfólks í leikskólum, grunnskólum, frístundaheimilum, félagsmiðstöðvum og skólahljómsveitum. Markmið könnunarinnar var að greina betur faglegt starfsumhverfi, styðja við starfsstaði og finna tækifæri til starfsþróunar. Svarhlutfall Háteigsskóla var undir væntingum en þó var svarhlutfall með því hæsta í Reykjavík. Þó gott hefði verið að hafa hærra svarhlutfall eru þetta góðar vísbendingar sem hægt var að horfa til. Þá var horft til vinnu kennara og stjórnendum um gæði kennslu á skólaárinu sem lagt er til grundvallar í allri kennslu skólans.

Niðurstöður:

Nemendur upplifa rík tækifæri til að vinna að verkefni sem eru metin sem hluti af námi sínu. Nemendur eru ánægðir með hversu fjölbreyttir möguleikir eru fyrir þá að skila verkefnum sínum. Lausnateymi Háteigsskóla er vel nýtt og kemur fram í könnuninni að starfsfólk hafi upplifað að aðstoð sem þar var veitt hafi nýst vel í starfi. Þá telur starfsfólk sig hafa góðan tíma og getu til að sinna nemendum einstaklingslega og er þar sérstaklega átt við hæfileika til að læra sjálfstætt, veita reglulega endurgjöf til nemenda í náminu og geta byggt námið á áhuga og styrkleika þeirra. Þá þykja kennurum þeir hafa góð tök á að hjálpa börnum að þróa með sér færni í gagnrýnni hugsun. Ef dregin eru saman svör nokkurra spurning varðandi bekkjarstjórnun má sjá að starfsfólk Háteigsskóla telur sig þurfa meiri stuðning við að styðja við og leysa deilur í nemendahópum. Er þetta áhugavert í ljósi þess að niðurstöður úr skólapúlsi sína svipaðar niðurstöður hjá nemendum og verður fjallað frekar um þetta í umbótaáætlun. Kennarar og stjórnendur útbjuggu á skólaárinu viðmið um gæði kennslustundar í Háteigsskóla. Tryggja þarf með sýnilegum hætti að kennarar fylgi viðmiðunum eftir í kennslustundum sínum. Er komið að því frekar í umbótaáætlun.

Styrkleikar í punktaformi:

- Allir árgangar eru yfir landsmeðaltali í Matsferli bæði í stærðfræði og lesskilning.
- Áhugi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði hefur aukist á árinu.
- Nemendur upplifa rík tækifæri til að vinna að verkefni sem eru metin sem hluti af námi sínu og eru ánægðir með hversu mikið þeir fá að skila verkefnum sínum.

- Lausnateymi Háteigsskóla er vel nýtt og starfsfólk upplifir að aðstoð nýtist í starfi.
- Starfsfólk telur sig hafa góð tæk á að sinna nemendum einstaklingslega; veita endurgjöf til nemenda, geta byggt námið á áhuga og styrkleika og hjálpað þeim í að þróa gagnrýna hugsun.

Tækifæri til umbóta í punktaformi:

- Niðurstöður úr lesfímiprófum í maí sýna tækifæri til umbóta.
- Nemendur upplifa aga í tímum lægri en samanburðarskólar.
- Starfsfólk Háteigsskóla telur sig þurfa meiri stuðning við að styðja við og leysa deilur í nemendahópum.
- Nýsett viðmið um gæði kennslustunda þarf að meta með sýnilegum hætti.

UMBÓTAÁÆTLUN

Umbótaáætlun skólans er unnin út frá því mati sem fór fram á skólaárinu auk þeirra kannana sem lagðar voru fyrir. Áætlunin gildir fyrir skólaárið 2026 - 2027 og miðar að því að bæta úr því sem í ljós kom að betur mætti fara.

Viðfangsefni	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tíma-rammi	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nám og kennsla 2.2 árangur náms	Aukinn árangur í lestri	Að greina betur niðurstöður lesfimiþrófa og skoða verklag varðandi lestrarkennslu bæði á öllum stigum skólans	Stjórnendur og kennarar	Allt skólaárið	Niðurstöður skimana og prófa	Að framvinda árangurs í skimunum verði hærri og að meðaltal verði fyrir ofan landsmeðaltal.
Nám og kennsla 2.3 gæði kennslu	Aukinn upplifun nemenda á aga í tímum	Vinnustofur kennara í upphafi árs þar sem samstilltar reglur verða unnar.	Stjórnendur	ágúst 2026	Skólapúlsinn	Að marktækur munur verði á niðurstöðum milli skólaára til hins betra.
	Að kennslustundir uppfylli nýsett viðmið um gæði.	Viðmið um gæði kennslustunda sé fylgt eftir.	Stjórnendur	Ágúst – desember 2027	Innlit stjórnenda í kennslustundir, sjálfsmat kennara, endurgjöf frá nemendum.	Viðmið um gæði kennslustunda verði rýnt og niðurstöður birtar.
	Að kennarar upplifi að það geti leyst deilur í nemendahópum.	Vinnustofur kennara í upphafi árs þar sem samstilltar reglur verða unnar.	Stjórnendur og kennarar	Ágúst – desember 2027	Sjálfsmat kennara og skólapúls.	